

## AUGLÝSING

28

5. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1946. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1946.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Ragnheiðar 29 Einarsdóttur frá Efra-Hvoli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 5. febr. ráðherra 5. febrúar 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Ragnheiðar Einarsdóttur frá Efra-Hvoli.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Hvolhrepps og er að upphæð kr. 1000.00.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Ragnheiðar Einarsdóttur frá Efra-Hvoli.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til hann nemur kr. 10000.00, þá má veita helming vaxta. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 má veita  $\frac{3}{4}$  hluta vaxta. Öllum vöxtum sjóðsins má ekki úthluta fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 150000.00.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungar og efnilegar stúlkur eða konur úr Hvolhreppi til náms í húsmæðraskólum. Þær stúlkur skulu fyrir ganga, sem nám stunda

29 við væntanlegan húsmæðraskóla í Rangárvallasýslu. Skilyrði fyrir styrkveitingu 5. febr. er að stúlkan (konan) sé að dómi sjóðstjórnar góðum hæfileikum gædd og efnahagur svo þröngur, að hún eigi fái staðið undir kostnaði við námið af eigin ramleik. Ef svo skyldi fara, að efnahagur yrði svo góður í hreppnum, að stúlkur (konur) þyrftu eigi á styrk að halda eða vextir það háir orðnir, að eigi er þörf að úthluta þeim öllum í ofangreindu skyni, má styrkja stúlkur eina eða fleiri til náms við héraðsskóla Rangæinga.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: oddviti Hvolhrepps og tvær konur, er Kvenfélag Hvolhrepps kýs til 3 ára í senn. Stofnendur óska þess og vona, að stjórnin á hverjum tíma láti sér annt um að efla sjóðinn, t. d. með því að halda úti sölu á minningar-spjöldum, hvetja menn til að gefa til hans, halda samkomur sjóðnum til eflingar o. s. frv.

## 7. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sendist formanni sjóðstjórnar og fylgi henni nauðsynleg skilríki, svo að byggður geti orðið dómur á samkvæmt 5. gr. Ef engin umsókn berst eða styrkveitingu er synjað leggjast að sjálfsögðu allir vextir við höfuðstólinn.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, bækur og önnur skilríki á tryggum og eldtraustum stað.

## 10. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 11. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaðinu.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 13. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Sigfús Sigurðsson.**